

Mánudaginn 7. september 1998.

Nr. 373/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Elín Vigdís Hallvarðsdóttir fulltrúi)

gegn

Valtý Erni Gunnlaugssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhaldskröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. september 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila yrði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðili verði látinn sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. október nk. kl. 16.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest niðurstaða hans um, að ekki sé fullnægt skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila.

Í niðurstöðu hins kærða úrskurðar greinir frá því, sem óljóst er um málsatvik. Verður fallist á það með héraðsdómara, að ekki séu næg efni til, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. fyrrgreindra laga. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. september 1998.

Ár 1998, miðvikudag 2. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Sigríði Ingvarsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til a-liðar 1. mgr. og 2. mgr.

103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Valtý Erni Gunnlaugssyni, kt. 010977-4609, með lögheimili að Vitastíg 11, en dvalarstað að Hamrabergi 38, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. október nk. kl. 16.00. Með úrskurði dómsins frá 29. ágúst sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 í dag.

Í greinargerð lögreglustjórans í Reykjavík, sem fylgdi framangreindri kröfu, kemur fram, að aðfaranótt laugardags 29. ágúst sl. hafi verið óskað aðstoðar lögreglu að Hverfisgötu 54, Reykjavík, vegna hnífstungu. Er lögreglumenn hafi verið á leið þangað, hafi kærði leitað til þeirra og sagst vera að koma frá Hverfisgötu 54 og vera með stungusár á hné. Hann hafi verið fluttur á slysadeild og þaðan á lögreglustöð.

Þegar lögreglumenn hafi komið að Hverfisgötu 54, hafi Guðmundur H. Bjarnason verið þar fyrir, og hafi hann sýnilega verið með fimm stungusár, þrjú á baki, eitt á hálsi og eitt á vinstra brjósti. Blóð hafi verið á veggjum og gólfi í íbúðinni og blóðug skæri verið á stól í stofunni. Guðmundur hafi verið fluttur í sjúkrabifreið á Sjúkrahús Reykjavíkur. Í læknisvottorði Sjúkrahúss Reykjavíkur komi fram, að Guðmundur hafi við komu verið með fimm skurði og rispúr á vinstri öxl og hálsi, þar af einn rétt ofan við vinstri geirvörtu, og sé sá djúpur. Samkvæmt röntgenmynd hafi verið pneumothorax, 1 cm rönd, í vinstra lunga og vökvasletta í pleuraholi og sennilega blæðingar. Hafi vinstra lunga hans verið fallið saman. Hann hafi þó verið með stöðug lífsmörk.

Lögregla segir, að tekur hafi verið skýrslur af kærða og Guðmundi um málsatvik, og beri þeim mikið á milli um atburði næturinnar á Hverfisgötu 54.

Kærði segir Guðmund hafa boðið sér heim til áfengisdrykkju, sem hann hefði þegið. Þeir hafi setið saman í sófa í stofunni, þegar Guðmundur hefði skyndilega dregið upp skæri, beint þeim að kærða og skipað honum að afklæðast. Kærði segist hafa farið úr að ofan, en þegar Guðmundur hefði skipað sér að fara úr buxunum, hefði kærði gripið í hendur Guðmundar og þeir lent í átökum. Hefði Guðmundur þá stungið kærða í vinstri ökkla og vinstri hnéskel, en kærði kveðst ekki hafa stungið Guðmund. Hann hefði haldið gripinu á höndum Guðmundar allan tímann og ýtt höndunum frá sér og telji líklegt, að við það hafi skærin stungist í brjóstakassa Guðmundar. Kærði hafi svo gripið fót sín og hlaupið á brott. En er hann hafi komið að útidyrum, hafi þær verið læstar. Hann hafi þá tekið steinhnullung, sem hafi legið fyrir innan dyrnar, og brotið rúðu í hurðinni. Hefði hann svo farið út um brotna rúðuna og hlaupið út á Laugaveg, en þaðan niður á Hverfisgötu, stöðvað þar lögreglubifreið og tilkynnt um atburðinn.

Guðmundur segir atvik hafa verið með þeim hætti, að þeir hafi fengið sér

áfengi í íbúð hans. Síðar hafi kærði veitt honum högg og spurt, hvort Guðmundur fyndi ekki til. Guðmundur hafi þá séð, að hann var alblóðugur á líkamanum. Eftir nokkur átök hafi Guðmundi tekist að sleppa inn á baðherbergið og læsa að sér. Hann hafi kallað þaðan hvað eftir annað á hjálp og loks heyrt skarkala frammi. Er hann hafi hætt sér út, hafi kærði verið farinn og greinilega út um brotna rúðu í útihurðinni.

Lögregla kveður ljóst, að mikið beri á milli í framburði kærða og Guðmundar. Saga Guðmundar fái stoð í sögu íbúa á efri hæð, sem hafi heyrt hjálparköll Guðmundar og hringt á lögreglu. Þau hafi einnig séð ungan mann hlaupa út portið frá íbúð Guðmundar. Hann hafi hlaupið eðlilega og án þess að haltra við. Einnig fái saga Guðmundar stoð í verksummerkjum á vettvangi. Ekki sé að sjá nein merki um átök í stofu við sófa og sófaborð, en blóð sé á gólfi og veggjum í „holi“, þar sem Guðmundur segir árasina hafa orðið. Ljóst sé, að Guðmundur hafi hlotið fimm stungur eftir skærin, þar af þrjár á baki, og verði að telja sögu kærða ótrúverðuga með hliðsjón af því. Í myndamöppu megi einnig sjá mynd af rúðu þeirri, sem kærði hafi farið út um, og sjáist, að mikið sé af hvössum glerbrotum í rúðunni, sem sé 31,5 cm á breidd, og því ekki ólíklegt, að skurðir á fótum kærða stafi af glerbrotunum, enda sé úlpa hans skorin og rispuð.

Lögregla segir hér um að ræða mjög alvarlega líkamsárás, stungur með skærum í brjósthól, háls og bak, sem geti varðað við 2. mgr. 218. gr. og 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. geti varðað allt að sextán ára fangelsi. Verði því að telja skilyrðum 2. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála fullnægt, þar sem brotið geti að lögum varðað meira en tíu ára fangelsi, og að telja verði gæsluvarðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Enn sé rannsókn málsins skammt á veg komin, þótt teknar hafi verið skýrslur af þeim kærða og Guðmundi. Þannig sé eftir að rannsaka lífsýni og hugsanlega sæði í handklæðum, rúmfatnaði og eldhúsbréfum, sem hafi verið á vettvangi. Einnig sé beðið eftir niðurstöðum sýna, sem tekin hafi verið af Guðmundi á neyðarmóttöku, og auk þess hafi ekki borist endanlegt læknavottorð Sjúkrahúss Reykjavíkur um ástand og batahorfur Guðmundar. Þá sé eftir að taka frekari skýrslur af nágrönnum Guðmundar og öðrum þeim vitnum, sem gefið gætu upplýsingar um málið. Sé því skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 einnig fullnægt, þar sem hætta sé talin á, að kærði kunní að reyna að hafa áhrif á hugsanleg vitni í málinu sem og Guðmund sjálfan.

Lögregla kveður verið að rannsaka ætlað brot kærða á 2. mgr. 218. gr. og 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sakarefni það, sem hér um ræði, muni varða fangelsisrefsingu, ef sök teljist sönnuð.

Með vísan til alls ofanritaðs, rannsóknarhagsmuna svo og með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sé þess farið á leit, að ofangreind krafa nái fram að ganga.

Niðurstaða.

Eins og fram kemur í gögnum málsins, eru málavextir óupplýstir. Kærði hefur gefið skýrslu um málsatvik hjá lögreglu og einnig Guðmundur H. Bjarnason. Þótt fram hafi komið af hálfu lögreglu, að mikið beri í milli í frásögn þeirra, verður ekki séð, að lengri gæsluvarðhaldsvist kærða sé nauðsynleg til að upplýsa málið frekar. Einnig hefur komið fram, að lagt hefur verið hald á sýnileg sönnunargögn, sem fundust á vettvangi og sæta nú frekari rannsókn. Verður hvorki fallist á, að kærði muni torvelða rannsókn málsins né ástæða sé til að ætla hættu á því, að hann muni hafa áhrif á vitni, verði honum ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Samkvæmt læknisvottorði Sigurgeirs Kjartanssonar, sérfræðings á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, dagsettu 29. ágúst sl., kom Guðmundur H. Bjarnason á slysadeild kl. 6.17 þann dag. Skoðun leiddi í ljós, að hann var ekki „akút“ veikindalegur að sjá, og hann var „stabíll“ í lífsmörkum. Á baki voru ekki áverkamerki nema efst á öxl vinstra megin. Alls voru fimm skurðir og rispur á vinstri öxl og hálsi. Skurðirnir voru allir grunnir nema einn rétt ofan við vinstri geirvörtu. Óupplýst er, hvort áverkar þessir urðu vegna líkamsárásar kærða á Guðmund eða vegna átaka, sem hugsanlega hafi orðið þeirra í milli í íbúð Guðmundar. Með hliðsjón af þessu er ekki unnt að fallast á, að sterkur grunur sé um, að kærði hafi framið brot, sem varðað geti tíu ára fangelsi að lögum.

Með vísan til framanritaðs þykir hvorki fullnægt skilyrðum til gæsluvarðhalds samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 né 2. mgr. sömu laga greinar. Er því hafnað kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir kærða.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærði, Valtýr Örn Gunnlaugsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi.
